

Efnahags- og viðskiptanefnd

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 4. apríl 2014

Efni: Umsögn um lagafrumvarp um gjaldskrárlækkani o.fl., 315. mál

Starfsgreinasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp þar sem lagðar eru til ýmsar breytingar á lögum sem leiða til gjaldskrárlækkana. Frumvarpið er sprottið af yfirlýsingum sem ríkið gaf í tengslum við kjarasamninga sem undirritaðir voru í desember. Það var alger forsenda fyrir því að samningar næðust á þeim tímapunktum að ríkið lofaði að leggja sitt af mörkum til að stemma stigu við verðbólgu. Í yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga fólst einnig breytingar á skattkerfinu en því miður tóku þær ekki mið af þörfum hinna lægst launuðu á vinnumarkaðnum heldur var einungis miðþrepinu í tekjuskattkerfinu breytt. Þá var í yfirlýsingunni vilyrði um að gjaldskrár ríkisins væru ekki hækkaðar umfram verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands sem er 2,5%.

Það þarf varla að hafa mörg orð um afdrif kjarasamninganna; þeir voru felldir í flestum aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins. Eftir að úrslit lágu fyrir fór fram rýnivinna innan félaganna um niðurstöðuna og af hverju samningarnir voru felldir viðast hvar. Útkoma úr þeiri vinnu sýnir svo ekki sé um villst að samningarnir félju meðal annars á vantrausti á því að ríkið stæði við sínar skuldbindingar. Um svipað leiti og kjarasamningarnir voru undirritaðir voru gjaldskrár í heilbrigðisþjónustunni hækkaðar verulega, í sumum tilvikum um tugi prósenta. Þá ásamt tregðu til að breyta skattkerfinu þannig að lægst launaða fólkid á vinnumarkaði nytí góðs af var stór hluti ástæðu þess að samningarnir voru felldir. Í upphafi árs komu formenn aðildarfélaga Starfsgreinasambandið saman og ályktuðu meðal annars:


„Þær gjaldskrárhækkanir sem tóku víða gildi um áramót voru í hrópandi ósamræmi við nýgerða kjarasamninga og urðu til þess að draga úr trú launafólks á að takast mætti að halda niðri verðbólgu og auka kaupmátt. Þá hafa félög innan Starfsgreinasambandsins haldið til haga kröfu um hækjun persónuafsláttarins eða að skattabreytingar kæmu með öðrum hætti þeim tekjulægstu til góða. Ríkisvaldið verður að kannast við sinn hluta ábyrgðarinnar á að friður ríki á vinnumarkaði. Formenn Starfsgreinasambandsins krefjast þess að samtök launafólks eigi aðkomu að gjaldskrárbreytingum og leggja áherslu á að létt sé álögum af fólk sem þarf að nýta sér heilbrigðisþjónustu.,, (úr ályktun formannafundar Starfsgreinasambands Íslands frá 7. febrúar 2014)

Heilbrigðisþjónusta er ekki valkvæð og það eru vísbendingar um að fólk sé farið að veigra sér við að sækja heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar. Slík staða er algerlega óásættanleg. Gjaldskrár eru sjaldnast tekjutengdar og koma því hart niður á fólk með lægstu tekjurnar. Það er forgangsmál að lækka gjaldskrár í heilbrigðisþjónustu.

Ríkisvaldið getur haft mikil áhrif á kjör landsmanna í gegnum skattkerfið, tekjutengingar og opinber gjöld. Með þessari miklu ábyrgð kemur möguleiki til að stuðla að friði á vinnumarkaði með samráði við samningsaðila. Að mati Starfsgreinasambandsins hefur ríkið ekki nýtt sér þessi áhrif og hefur það haft alvarlegar afleiðingar á kjaradeilur. Það frumvarp sem nú er til umfjöllunar er dæmi um breytingar sem lagðar eru til án nægjanlegs samráðs.

Það kemur tekjulægstu hópunum betur til góða að lækka gjaldskrár í heilbrigðiskerfinu heldur en að lækka skattheimtu á áfengi, tóbak og orkugjafa. Það er alls óvist að þær lækkanir sem lagðar eru til í frumvarpinu skili sér að fullu til neytenda og hafi þannig tilætluð áhrif á vísitölu og verðbólgu. Beinar gjaldskrárlækkanir á nauðsynlegri grunnpjónustu skila sér hins vegar beint til þeirra sem þurfa á því að halda. Starfsgreinasambandið leggur því til að frumvarpið verði endurmetið og það svigrúm sem ríkissjóður telur sig hafa til að lækka álögur verði nýtt að hluta til að lækka gjaldskrár í heilbrigðisþjónustunni.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands



Drífa Snædal, framkvæmdastjóri

Um SGS

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) er landssamband almenns og sérhæfðs verkafólks. SGS er stærsta landssamband innan ASÍ, en 19 verkalýðsfélög eiga aðild að sambandinu með um 50 þúsund félagsmenn.

Aðildarfélög SGS eru þessi:

Efling-stéttarfélag, Vlf. Akraness, Stéttarfélag Vesturlands, Vlf. Snæfellinga, Vlf. Vestfirðinga, VI og sjómf Bolungarvíkur, Stéttarfélagið Samstaða, Aldan stéttarfélag, Eining-löja, Framsýn stéttarfélag, Vlf. Þórshafnar, Afl-Starfsgreinafélag, Vlf. Suðurlands, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Vfl. Grindavíkur, VI og sjómf Keflavíkur og nágrennis (VSFK), VI og sjómf. Sandgerðis og Vlf. Hlíif.